




Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Rammaskipulag Vogabyggðar

Nýsamþykkt rammaskipulag byggir á vinningstillögum úr hugmynda-samkeppni um Vogabyggð

Friðlandið í Vatnsmýrinni

Áhugi og skilningur á umhverfis- og náttúruvernd hefur aukist mikið á undanförunum árum - síðasta áfanga í uppbygginu friðlandsins lauk í mars

Hlíðarendabyggð

Framkvæmdir við 600 íbúða hverfi hefjast að Hlíðarenda að öllum líkindum næsta haust

Leiðari

Verkefni skipulagsyfirvalda í Reykjavík með samstilltu átaki meiri- og minnihluta seinustu misseri hefur einkennst mikið af því að vinda ofan af skipulagsáformum sem einkenndu tímabilið rétt fyrir hrún. Of mikið byggingarmagn, útblásnir húskroppar oft úr takti við núverandi byggð og annað sem einkennir hið reykviska umhverfi og staðaranda. Þetta er og verður áfram eitt af aðalverkefnum skipulagsyfirvalda næstu misserin og þá sérstaklega í miðbænum. Gott dæmi um það er hinn umdeildi Hljómalindarreitur í þessu samhengi en þar tókst í samvinnu við lóðarhafa að breyta skipulaginu í rétta átt.

Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að samþykktar byggingarheimildir í gildandi deiliskipulagsáætlunum eru bundnar í

alla enda og því hefur oft reynst erfitt að vinda ofan af gildandi skipulagsákvörðunum án þess að borgaryfirvöld sitji uppi með gríðarlegar skaðabótakröfur frá viðkomandi lóðarhafa/ verktaka. Samtal, samvinna og samráð er lykilatriði í þessu samhengi. Austurhafnar-skipulagið inniheldur vissulega gríðarlegar byggingarheimildir með öllum kostum og göllum en endanleg útfærsla þeirrar uppbyggingar liggur ekki fyrir.

Nýtt rammaskipulag fyrir Vogabyggð er gott dæmi um þróunar- og þéttingarreit í borginni fyrir vistvæna byggð. Vogabyggð er fyrsta skrefið í uppbyggingu alls svæðisins í kringum Elliðaárvog sem taka mun stakkaskiptum á næstu árum en þar er gert ráð fyrir alls 3600 íbúðum þegar borgarhlutinn verður fullbyggður.

Staðarandi endurspeglast í byggðinni, í almenningsrýmum og samfélaginu í sögulegu samhengi náttúru og hins manngerða umhverfis, lands og sjávar. Hér þurfa allir að leggja hönd á plóg, fagna nýju í bland við það gamla og halda áfram að gera Reykjavík að borg fyrir allskonar fólk, þarfir og þjónustu. Nýtt aðalskipulag varðar veginn.

*Björn Axelsson
Skipulagsfulltrúi*

Samráð

Hönnunarmars

Starfsfólk Reykjavíkurborgar tók á móti áhugasömum borgarbúum um endurhönnun Laugavegur



Endurhönnun Laugavegar er framundan

Á Hönnunarmars, 27.–29. mars, tók starfsfólk Reykjavíkurborgar á móti áhugasömum borgarbúum um hönnun Laugavegar í Around Iceland Laugavegi 18b. Þar gafst fólki kostur á að kynna sér forsögn sem gerð hefur verið um endurhönnunina og fleiri gögn um Laugavegin og ræða við starfsfólk borgarinnar. Gestum og gangandi bauðst einnig að koma sínum hugmyndum um hönnun götunnar á framfæri með því að skrifa niður hugmyndir sínar og merkja inn á loftmynd af Laugaveginum og ljósmyndir af fyrirmyndum fyrir verslunargötur.

Framundan er endurhönnun götunnar en áhersla er lögð á að hún verði unnin í góðu samráði við borgarbúa og alla sem láta sig varða þessa helstu menningar-, mannlífs-, og verslunargötu Reykjavíkur. Næsta skref í því ferli er að fara í hugmyndaleit meðal hönnuða og gerð tillagna að útfærslum, sem yrðu kynntar borgarbúum.

<http://reykjavik.is/endurbaetur-laugavegi-forsogn>

Áhersla lögð á sjónlínur að Hörpu

Geirsgata verður falleg borgargata í stað þess að vera hraðbraut og fyrirhuguð byggð í Austurhöfn verður lægri en fyrri áform gerðu ráð fyrir. Þannig er komið í veg fyrir að byggingar skyggi á sjónlínur að Hörpu

Samkvæmt breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar sem nú er í ferli verður legu Geirsgötu breytt þannig að hún komi hornrétt á Kalkofnsveg og Lækjargötu. Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur gerir einnig ráð fyrir þessu. Geirsgata mun halda tveimur akreinum í hvora átt og gatnamótin verða með tveimur beygjukreinum í vesturátt svo að flæði umferðar í gegnum gatnamótin verði með besta móti. Hægt verður á umferðarhraða niður í 30km/klst og götunni breytt í fallega borgargötu. Borgargötur eru skilgreindar sem mikilvægar sam-

göngutengingar fyrir alla ferðamáta sem hafa sögulegt mikilvægi, sterka mynd eða eru mikilvægir sjónásar í borgarlandslaginu.

Nokkur hús á reitnum lækka frá fyrra deiliskipulagi í átt að Lækjartorgi svo að tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa njóti sín sem best. Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni verða nýbyggingar á reitnum í meira samræmi við þá byggð sem fyrir er í miðborginni. Hæsta húsið á reitnum er lækkað úr 7 hæðum í 6 frá fyrra skipulagi.

Innkeyrslum í bílajakallara hefur verið fækkað til að minnka umferðarflæði um Kvosina og lögð er áhersla á að þær falli inn í byggðamynstur svæðisins og séu sem minnst áberandi í borgarlandinu.

Stærð skipulagsreitsins breytist litillega og stækkar vegna niðurfellingar göngu-brúar, bílastæða austast í Tryggvagötu og nýrrar byggingar á Ingólfsgarði fyrir Siglingarfélag Reykjavíkur – Brokey.



Skýringaruppráttur, samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi

Hlíðarendabyggð

Framkvæmdir við 600 íbúða hverfi hefjast að Hlíðarenda að öllum líkindum næsta haust. Uppbygging á svæðinu hefur verið í bígerð frá árinu 2005

Framkvæmdir við 600 íbúða hverfi hefjast að Hlíðarenda næsta haust að öllum líkindum. Af þessum 600 íbúðum verður helmingurinn tveggja herbergja og 21% þriggja herbergja. Uppbygging að Hlíðarenda hefur verið í bígerð frá því að samningar þess efnis voru fyrst undirritaðir árið 2005. Nokkrar tafir hafa orðið vegna breytinga á skipulagi, en fljótlega mun sjá fyrir endann á þeim og líklegt að framkvæmdir hefjist á seinni hluta ársins.

Í breytingatillögu við deiliskipulag svæðisins, sem er á leið í kynningarferli, er

gert ráð fyrir að íbúðum verði fjölgað úr 360 í 600 og dregið úr umfangi atvinnuhúsnæðis á mót. Aukið framboð á 2ja–3ja herbergja íbúðum er ekki síst til að mæta mikilli eftirspurn eftir húsnæði af þessari stærð í miðborg Reykjavíkur. Samhliða uppbyggingunni verður ráðist í breytingar á íþróttasvæði Vals að Hlíðarenda, með tilfærslu á gervi-grasvelli, fjölgun æfingavalla og byggingu knattþúss í hálfri stærð.

Útfærsla deiliskipulags Hlíðarenda byggir á vinningstillögu Graeme Massie í samkeppni um nýtt skipulag

fyrir Vatnsmýrina frá árinu 2008. Markmið skipulagsins er að skapa hverfi með borgarbrag, með randbyggð, stórum sameiginlegum inngöðum og iðandi mannlífi. Fjölbreytni ríkir í byggingarstílnum, hvergi verða tvö eins hús hlið við hlið. Jafnframt eru húsin misjafnlega há, frá þremur upp í fimm hæðir. Skilyrði er sett um að gróður þeki 80% af inngöðum.

Verslun og þjónusta verða á jarðhæð við breiðgötur. Við húsagötur verða neðstu íbúðirnar hálfri hæð yfir götu til að tryggja næði. Bílageymslur fyrir





Íbúa verða undir húsum og inngörðum. Bílageymslur atvinnuhúsnæðis verða fyrir aftan það, til að auðvelda lestun og losun og koma í veg fyrir truflun af völdum starfseminnar.

Hlíðarendi, líkt og Vatnsmýrin öll, er á vatnasvæði Reykjavíkurtjarnar. Kvöð er um að ofanvatni – regni og snjó – sé skilað ómengduðu út í jarðveginn til að koma í veg fyrir að Tjörnin og vatnasvæði hennar hverfi. Á svæðinu verður notast við svokallaðar blágrænar lausnir. Gróðurþök húsa í Hlíðaranda taka við ofanvatninu, sem rennur síðan beint út í jarðveginn en ekki í niðurföll. Grænu þökin leiða einnig til orkusparnaðar vegna mikillar einangrunar og minnka þar með útlosun koltvísýrings.

Byggt verður á fjórum megin byggingarreitum og tveimur minni. Áformað er að byggja fyrst á tveimur megin reitunum sem liggja að íþróttasvæði Vals og því næst á tveimur minni reitunum. Á síðarnefndu reitunum er gert ráð fyrir stúdentaíbúðum og hótélíbúðum auk atvinnu- og þjónustuhúsnæðis. Í deiliskipulaginu er gengið út frá miklu samstarfi hagsmunaaðila á svæðinu.

Til að tryggja öryggi íþróttaiðkenda og gesta á svæði Vals verður byggingar-



svæðið ekki aðeins girt af, heldur verður sérstakur afgirtur vegur lagður fyrir umferð þungavinnutækja. Þessi vegur verður síðan ein af húsa-götunum þegar framkvæmdum lýkur.

Gert er ráð fyrir allt að 16 flokkunarstöðvum fyrir sorp á svæðinu. Stórir flokkunargámar neðanjarðar taka við úrganginum og eru losaðir reglulega með því móti að þeim er lyft upp úr jörðinni í heilu lagi. Þannig má einfalda alla sorplosun og sorphirðu

og draga úr kostnaði og ónæði sem fylgir þessum nauðsynlega hluta af lífi nútímamannsins.

Hugmyndir eru uppi um að leikskóli verði í forbyggingu knattþússins og geti notað það þegar ekki viðrar til útveru, svo og þakgarð sem verður á milli forbyggingarinnar og knattþússins. Gert er ráð fyrir að gervigrasvöllur af hálfri stærð verði í knattþúsinu.

Útgáfa á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030


Aðalskipulagið er gefið út á bók af bókaútgáfunni Crymogeu en hönnuður er Vinnustofa Atla Hilmarssonar og er bókin um 350 blaðsíður með 250 kortum og skýringarmyndum.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030 markar tímamót og leggur nýjar línur í uppbyggingu borgarinnar á komandi árum. Sérstakur kafli fyrir hvern borgarhluta er nýlunda í aðalskipulagi og skýrir út áform um uppbyggingu í öllum hverfum Reykjavíkur. Bókin er einstaklega eiguleg og mun nýtast vel þeim sem þurfa á upplýsingum að halda um skipulag borgarinnar við hvers kyns framkvæmdir. Mikilvægt er fyrir borgarbúa að þekkja þær megináherslur sem birtast í aðalskipulaginu því þar má finna framtíðarsýn sem kemur öllum Reykívingum við.

Borg fyrir fólk er leiðarvísirinn í nýju aðalskipulagi og tekur stefnumótunin mið af því. Í aðalskipulaginu er lögð sérstök áhersla á hverfin og einstaka borgarhluta. Markmiðið er að hverfi borgarinnar verði sjálfbærari, mannvænni og fjölbreyttari þar sem allir félagshópar fá tækifæri til búsetu. Hvert hverfi hafi sinn kjarna svo dagleg verslun og þjónusta verði í sem mestri nálægð við íbúa.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að 90% allra nýrra íbúða á tímabilinu rísi innan núverandi marka borgarinnar. Markmiðið er að skapa heildstæðari og þéttari borgarbyggð og nýta þar með betur land og fjárfestingar í gatna- og veitukerfum og þjónustustofnunum. Með þéttari byggð dregur almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna. Verkefni næstu áratuga er að fullbyggja Borgina

Sérlega vegleg og vönduð útgáfa á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 var gefin út þann 29. maí. Nýtt aðalskipulag tók gildi 26. febrúar 2014



við Sundin og því er uppbyggingu nýrra hverfa í útjaðri slegið á frest.

Græna borgin er eitt af þeim nýs aðalskipulags og er gert ráð fyrir að 40% lands verði opin svæði innan þéttbýlis Reykjavíkur ætluð til útivistar, afþreyingar og leikja. Reykjavíkurborg hefur mikinn metnað til að verða grænni og vistvænni og þar gegna samgöngur mikilvægu hlutverki. Stefnt er að því að hlutdeild almenningssamgangna í ferðum til og frá vinnu vaxi úr 4% í 12% og hlutdeild gangandi og hjólandi vaxi úr 21% í 30%.

Reykjavík er Skapandi borg með öflugt og fjölbreytt atvinnulíf. Markmið aðalskipulagsins er að viðhalda fjölbreytni og styrk atvinnulífsins og skapa vaxtarskilyrði fyrir nýjar atvinnugreinar, einkum á sviði hátækni, grænnar orkunýtingar og menningar. Lögð er áhersla á að Reykjavík styrki hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og verði forystuafli í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, vinnuafli og ferðamenn.

Bætt þjónusta við eldri borgara í Grafarvogi



Suðurhlið Þjónustumiðstöðvar



Tengigangur milli Þjónustumiðstöðvar og Eirborgar

Ný félags- og þjónustumiðstöð fyrir aldraða var opnuð í Grafarvogi nýverið. Byggingin stendur skammt frá verslunar- og þjónustukjarnanum í Spönginni. Húsið sem er um 1.400 m² að stærð er tengt með þjónustugangi við öryggisibúðirnar í Eirborgum og mun bæta mjög þjónustu við íbúana þar og ekki síður annarra eldri borgara í hverfinu. Borgarráð samþykkti í júní

2011 að ráðast í byggingu þjónustumiðstöðvarinnar í Spöng og var hafist handa við áætlanagerð og hönnun hússins sama ár. Fullnaðarhönnun lauk um mitt ár 2012 og verkið boðið út. Framkvæmdum við húsið og lóðina umhverfis lauk að fullu nú í maí og hefur Guðmundur Pálmi Kristinsson, verkfræðingur hjá Reykjavíkurborg, farið með verkstjórnina í náu samstarfi

Sælureitur í Spöng, ný félags- og þjónustumiðstöð fyrir aldraða var opnuð nýverið í Grafarvogi

við byggingarnefnd hússins, en nefndin var skipuð fulltrúum frá Reykjavíkurborg, Eir, Grafarvogskirkju og Korpúlum.

Húsið er steinsteypt, að hluta til á tveimur hæðum og tengt með þjónustugangi yfir í íbúðir Eirborgar. Tengigangurinn við Eirborgir er úr gleri og flýtur yfir göngustiginn sem manngengt er undir. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er mjög gott í húsinu og lyfta milli hæða. Anddyrið tekur á móti gestum hússins fyrir miðju byggingarinnar. Það teygir sig inn í húsið og opnar fyrir sýnileika á starfsemi hússins þegar inn er komið. Að innanverðu er húsið sérstaklega bjart og aðlaðandi. Góð tengsl eru milli húss og lóðar og útgengt úr fjölnotarýmum út í garðinn sunnan megin. Bílastæði og aðkoma að húsinu er úr norðri.

Starfsemin í húsinu

Í húsinu verður margvísleg starfsemi sem bæta mun mjög þjónustu við eldri borgara í hverfinu, sem og íbúa Eirborga. Á fyrstu hæð verður Kirkjusel með starfsemi og Korpúlfar, félag eldri borgara í Grafarvogi, með aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf. Á hæðinni verður einnig matsalur með móttökueldhúsi fyrir eldri borgarar hverfisins og íbúa Eirborga. Margir fjölnotasalar verða í húsinu sem nýtast til ýmissar menningar- og félagsstarfsemi. Fjölnotasalirnir snúa allir í suður með stórum gluggum sem snúa út að garðsvæði og stétt. Á annarri hæð verður dagdeild fyrir heilabílaða og skrifstofa félagslegrar heimaþjónustu Reykjavíkurborgar.

THG arkitekta eru aðalhönnuðir hússins, verkfræðistofan Efla sá um burðarpóls- og lagnahönnun og um lóðarhönnun sá Landark.

Friðlandið í Vatnsmýrinni

Áhugi og skilningur á umhverfis- og náttúruvernd hefur aukist mikið á undanförunum árum – síðasta áfanga í uppbyggingu friðlandsins lauk í mars

Friðlandið í Vatnsmýri er einstakt svæði í miðju Reykjavíkur. Allt friðlandið er um 37 þúsund m² og eru tjörnir við Norræna húsið og síkin umhverfis þá ekki talin með. Á þessum griðastað fugla, gróðurs, vatnalífvera og votlendis geta íbúar og gestir höfuðborgarinnar notið villtrar náttúru og fylgst með fuglum í sínu náttúrulega umhverfi. Segja má að mýrin sé óslípuð náttúruperla í miðju borgarinnar.


Mikið fuglalíf og fjölbreytt er nú í Vatnsmýri og á Tjörninni, en þannig hefur það ekki alltaf verið. Í upphafi 20. aldar var megnið af fuglinum veitt til matar, en upp úr 1920 var farið að hlúa að fuglalífinu og nýjar tegundir fluttar á svæðið. Árið 1981 voru mýrin og Tjörnir sett á náttúruuminjaskrá og nokkrum árum síðar ákvað Borgarstjórn að

stofna til friðlands í hluta af Vatnsmýrinni. Tilgangurinn með friðuninni er að viðhalda góðum aðstæðum til varps, en mýrin er líka megin vatnasvæði tjarnarinnar.

Árið 1996 var mýrin farin að láta á sjá og sýndu rannsóknir að lífríki Vatnsmýrarinnar hafði farið hnignandi. Með tiltölulega einföldum aðgerðum væri hins vegar hægt að bæta ástandið og snúa þróuninni við. Hafist var handa við að grafa síki umhverfis meginhluta friðlandsins, en svæðið vestan Vatnsmýrartjarnar var áfram afmarkað með girðingu. Göngustigar voru lagðir um svæðið og þeir tengdir með brúm, sem teknar eru upp yfir varptímann. Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Norræna húsið hófu samstarf árið 2010 um áframhaldandi uppbyggingu og

endurbætur á friðlandinu í Vatnsmýrinni. Markmiðið var fyrst og fremst að vernda varpland fugla m.a. með því að endurheimta votlendið og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Gróíð votlendi hefur mikil áhrif á vistkerfi vatna og hafa áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika m.a. smádýra sem lifa í vatninu og eru mikilvæg fæða votlendisfugla. Samhliða þessu var það markmið að auka áhuga á náttúru Vatnsmýrarinnar og að nýta friðlandið sem lifandi vettvang fyrir rannsóknir í náttúruvísindum og til fræðslu fyrir börn og almenning. Lokið var við afmörkun friðlandsins og grafið síki á vestanverðu svæðinu. Þá voru gerðar tilraunir til að uppræta óæskilegar tegundir, aðallega þistil og kerfil, sem breiðst hafa um svæðið.

Síðasta áfanga í uppbyggingu svæðisins lauk nú í mars. Stærstu verkliðirnir voru að lækka og flytja burt yfirborð á hluta svæðisins þ.m.t. óæskilegar plöntutegundir og endurheimta votlendi. Votlendisgróðri s.s. gulstör var haldið til haga og hann færður inn á svæðið sem var lækkað. Malarstígur var færður, göngubru með áningarstað og timburstígur var endurbýggður að hluta til. Áhugi og skilningur á umhverfis- og náttúruvernd hefur aukist á undanförunum árum. Í Vatnsmýrinni hefur almenningur getað fylgst með þeim breytingum sem verða á gróðri og náttúrufari í kjölfar umhverfisverndar. Til marks um árangur framkvæmdanna má greina breytingar á gróðri á svæðinu frá ári til árs. Á nokkrum stöðum er að myndast kjarrlendi á sikisbökkum og votlendisgróður vex nú á fyllingum. Þá sýna talningar fuglafræðinga að bæði kría og tjaldur eru farin að verpa á ný í Vatnsmýrinni (eftir margra ára hlé) og eru nú boðin sérstaklega velkomin á malarbúsvæði, sem útbúið hefur verið fyrir þau á svæðinu.





Fríðlandið í Vatnsmýri



Rammaskipulag Vogabyggðar

Skipulagið byggir á vinningstillögum úr hugmyndasamkeppni um svæðið. Mikil ánægja er með þá þróun sem hefur átt sér stað í vinnunni síðustu mánuði

Í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur í apríl var samþykkt tillaga að rammaskipulag fyrir Vogabyggð. Mikil ánægja var með þá þróun sem hefur átt sér stað á vinnunni síðustu mánuði, og er næsta skref að hefja gerð deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við hagsmunaaðila. Svæðið afmarkast af Sæbraut, Kleppsmýrarvegi og Elliðaárósum og var áður í útjaðri byggðar, en er nú nærri þungamiðju búsetu í Reykjavík. Á svæðinu hafa verið iðnaðarfyrirtæki, verkstæði og geymslur í gegnum tíðina og er slík starfsemi enn víða á svæðinu. Undanfarin ár hefur hins vegar verið meiri ásókn í búsetu á svæðinu og kominn tími á svæðið í endurnýjaðri mynd sem blönduð og vistvæn byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis í samræmi við markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Rammaskipulagið byggir á vinningstillögum úr hugmyndasamkeppni um Vogabyggð sem var haldin síðastliðið haust og verðlaunaafhending fór fram 23. Janúar 2014. Þar voru tvær tillögur verðlaunaðar sem vinningstillaga og taldi dómnefndin að saman gæfu þær svo áhugaverða framtíðarsýn á svæðið að ákveðið var að velja þær báðar sem verðlaunatillögu. Í beinu framhaldi hafa báðar arkitektastofurnar (Teiknistofan Tröð og Jvantspijker+FELIXX,

frá Hollandi) unnið saman að ramma-skipulaginu sem hefur verið samþykkt.

Grunnstefið í rammaskipulagshugmynd Vogabyggðar er að hverfið sé heildstæð og sjálfbær eining sem einkennist af blöndu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis með verslun og þjónustu. Skipulagið myndar manneskjulega umgjörð sem ramar inn fjölskrúðugt mannlíf, mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa. Lögð er áhersla á vandaða umgjörð almenningsrýma og að stuðla að meiri notkun og auknum samskiptum fólks. Skipulagssvæðið

skiptist annarsvegar í byggðarsvæði og hinsvegar í strandsvæði. Samspil bygginga, nærumhverfis og almenningsrýma einkenna tillöguna. Aðalgata hverfisins hlykkjast um byggðarsvæðið og skiptir því í miðsvæði og íbúðarsvæði. Ofan við Háubakka liggur strandgatan ásamt aðaltorginu, skáhallt frá því liggur stigur sem tengir Vogahverfi og strandsvæði Elliðavogar.

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir fjölbreyttum húsakosti íbúðar- og atvinnuhúsnæðis í 3–5 hæða randbyggð, sem myndar heildstæðar götumyndir í borgarmiðuðu gatnakerfi þar sem aðalgatan þræðir sig gegn um hverfið og markar skil á milli miðsvæðis og íbúðarbyggðar. Að jafnaði er miðað við fimm hæða byggð vestan aðalgötu en þrjár hæðir austan aðalgötu. Heildarbyggingarmagn á svæðinu er mjög sveigjanlegt. Það má auka eða draga



úr byggingarmagni með því að bæta við eða fækka húshæðum. Æskilegt er að í hverfinu sé nægilegur fjöldi íbúða til að tryggð sé góð grunnþjónusta við íbúa með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Endanlegur fjöldi íbúða og heildarbyggingarmagn ræðst við vinnslu á deiliskipulagi og verður metinn og ákveðinn í samráði við borgaryfirvöld og aðra hagsmunaaðila. Fjölgun íbúða umfram það sem kemur fram í nýju aðalskipulagi er háð samþykki fyrir breytingum á aðalskipulagi.

Mikil áhersla er lögð á að tryggja góða tengingu á milli byggðarinnar og Elliðaárdals, yfir eða undir fyrirhugaðan samgönguás. Göngu- og hjólastíga-kerfið tengist aðliggjandi hverfum og útivistarsvæðum. Auk umferðarljósa við Knarrarvog og Kleppsmýrarveg er gert ráð fyrir tengingu, milli Tranavogar og Snekkjuvogar, sem eykur öryggi og eflir vistvænar samgöngur milli hverfa. Virðing er borin fyrir staðaranda Voga- byggðar sem mun einkennast af meiri blöndun starfsemi en þekktist í öðrum hverfum borgarinnar sem hafa þróast í seinni tíð. Mælt er til þess að lögð verði meiri áhersla á vandaða hönnun og samræmda efnisnotkun en þekkt hefur á liðnum áratugum og að byggðin fái heildstætt yfirbragð. Lögð er mikil áhersla á notkunargildi, ásýnd og gæði almenningssvæða.



Aðgerðaráætlun gegn hávaða

Hægt er að bregðast við hávaða í borgum með ýmsum hætti, til dæmis með því að lækka umferðarhraða bifreiða og efla vistvænar samgöngur ásamt tæknilegum lausnum eins og hljóðvistargleri í húsum

Hávaði í borgum er eitt af því sem allir vilja draga úr. Of mikill hávaði dregur úr lífsgæðum og spillir heilsu og því vilja allir leggjast á eitt með góðri hljóðvist. Helsta uppspretta hávaða í Reykjavík er bílaumferðarniður og flugvéladynur. Reykjavíkurborg samþykkti fyrr á þessu ári fimm ára aðgerðaráætlun gegn hávaða í borginni.

Flestar af helstu umferðargötum í Reykjavík eru stofnbrautir í umsjón Vegagerðarinnar og ber hún sem veghaldari ábyrgð á kortlagningu hávaða frá þeim vegna umferðar. Aðrir vegir eru í umsjón Reykjavíkurborgar sem veghaldara og ber hún ábyrgð á kortlagningu hávaða frá þeim. Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa átt með sér samvinnu um kortlagningu umferðarhávaða um borgina og Reykjavíkurborg hefur síðan séð um gerð aðgerðaráætlunar.

Helstu niðurstöður aðgerðaáætlunar eru að í náinni framtíð verður horft til svæða þar sem umferðarhávaði veldur íbúum verulegu ónæði og reiknast yfir $L_{den} = 68 \text{ dB(A)}$ innan lóðar við hús, t.d. á stöðum þar sem byggð er í nágrenni við stofnbrautir (það er á öllum


götum hávaði yfir 68dB, sem lækkar með aukinni fjarlægð frá götu).

Hljóðvarnaraðgerðir eru metnar á umræddum stöðum og framkvæmdar eftir því sem aðstæður og fjárveitingar leyfa. Mögulegt er að beita aðgerðum er varða hávaðauppsprettuna sjálfa, til að stemma stigu við umhverfishávaða og hávaðadreifingu.

Þessar aðgerðir eru m.a.

- Umferðarskipulag (t.d. minnka umferðarmagn, minnka hraða, lækka hlutfall þungra ökutækja t.d. að nóttu til, velja hljóðlætt malbik o.fl.).
- Skipulag landnotkunar (t.d. færa hávaðasama starfsemi, ekki skipuleggja viðkvæma byggð næst stórum vegum o.fl.).
- Stuðla að umhverfisvænni ferðamátum.
- Huga að endurkasti hljóðs.
- Huga að afstöðu hljóðgjafa og byggðar/kyrrlátra svæða.
- Val á hljóðlátari uppsprettu.
- Aðgerðir eða hvatar sem byggja á reglum eða hagrænum atriðum (t.d. sektir fyrir hávaðamengun / styrkir fyrir hljóðeinangrandi aðgerðum).





Betri hljóðvist með lægri hraða

Sem dæmi um áhrif aðgerða er að lækkingun á umferðarhraða um 10 km/klst lækkar umferðarhávaða um allt að 2 dB (háð umferðarhraða). Helmingun umferðarmagns lækkar umferðarhávaða um u.þ.b. 3 dB.

Reykjavíkurborg ákvað að taka upp að nýju styrki til íbúðareigenda vegna umferðarhávaða. Þetta er gert með því að setja sérstakt gler í gluggana og gera loftræstingu þannig að ekki berist inn hljóð frá götum, og eins er verið að skoða aðgerðir til að skerma götur frá hávaða og það er verið að skoða aðgerðir til þess að minnka hraða. Þá er hægt að bregðast við hávaða með jarðvegsmönnum eða veggjum. Áætlunin er til ársins 2018. Á árinu 2014 er 5 milljónum veitt til þess að skoða beinar aðgerðir og 5 milljónum til þess

að skipta um gler og hafa þegar borist umsóknir sem nemur þeirri upphæð.

Reiðhjól, rafbílur og fótgangandi

Undanfarið hefur mikil vitundarvakning orðið um umhverfissvæna ferðamáta, eins og reiðhjól. Einnig má nefna rafbíla í þessu sambandi. Fleiri nota almennings-samgöngur í stað einkabílsins. Allt þetta hefur mjög jákvæð áhrif á umhverfið og þ.m. hljóðstig vegna samgangna. Í kjölfar þessa hafa stjórnvöld og sveitarfélög beitt sér fyrir bættum almennings-samgöngum sem og betri aðstöðu fyrir fótgangandi og hjólríðafólk.

Reykjavíkurborg auglýsti snemma á þessu ári eftir umsóknum um styrki til bættrar hljóðvistar í íbúðarhúsum samkvæmt aðgerðaáætlun borgarinnar gegn hávaða. Veittir eru styrkir sem ætlaðir eru til að skipta út hefðbundnu

glerti fyrir hljóðdempandi gler sem bæta á hljóðvist innandyrna í þeim húsum þar sem umferðarhávaði er mikill, yfir 65dB. Margar styrkbeiðnir hafa borist og snúast þær flestar um að bæta hljóðvist með glerti. Flestar umsóknir er frá íbúum á Hringbraut, Snorrabraut og Miklubraut. Fagaðili metur umfang glerskipta og hávaða á viðkomandi stað þar sem sótt er um styrk.

Samstíga á Sæbrautinni



Með breytingunum verður leið gangandi og hjólreiðafólks að fullu aðskilin

Ráðgert er að framkvæmdum við nýjan hjólastíg meðfram núverandi göngustíg við Sæbraut ljúki í júní

Meðfram Sæbraut er nú verið að ljúka við gerð hjólastígs sem liggur samsíða núverandi göngu- og hjólastíg. Hjólastígurinn liggur frá Kringlumýrarbraut að Faxagötu þar sem hann tengist göngu- og hjólastíg sem fyrir er. Hjólastígurinn sem er um 1800 metrar verður malbikaður og gróður- og hellusvæði sem að honum liggja aðlöguð breytingunum. Með breytingunum verður leið gangandi og hjólreiðafólks að fullu aðskilin og minnkar það mjög líkur á árekstrum eða slysum.

Göngu- og hjólastígurinn við Sæbraut er mikilvæg samgönguæð í borginni, en er einnig mjög vinsæll til útivistar bæði hjá borgarbúum og gestum. Fallegur grjótkantur skilur stígin frá hafinu og útsýnið til eyjanna og fjallasýnin oft stórkostleg. Meðfram stígnum eru höggmyndir og skúlptúrar sem

áhugavert er að skoða m.a. verkið Varðan eftir listamanninn Jóhann Eyfells og Partnership eftir Pétur Bjarnason. Í kringum hið magnaða Sólfar Jóns Gunnars Árnasonar er ágæt aðstaða fyrir gesti til að hittast og staldra við og oftar en ekki er þar nokkur fjöldi gesta með myndavélar á lofti.

Ráðgert er að framkvæmdum ljúki um miðjan júní. Nýi hjólastígurinn við Sæbraut mun verða mikil bót bæði fyrir gangandi og hjólandi og auka mjög öryggi þeirra vegfarenda sem um hann fara.



Stígurinn er vinsæll til útivistar



Reykjavíkflugvöllur

Endurskoðað deiliskipulag gildir fyrir flugvöllinn meðan gert er ráð fyrir flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur

Endurskoðað deiliskipulag fyrir Reykjavíkflugvöll var samþykkt í borgarstjórn þann 1. apríl 2014. Deiliskipulagið gildir fyrir flugvöllinn meðan gert er ráð fyrir flugvallarstarfsemi í Vatnsmýrinni samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Deiliskipulagið byggir jafnframt á samkomulagi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group dags. 25. október 2013. Ljóst var að safnast hafði upp veruleg þörf á að endurskoða deiliskipulagið til að tryggja samræmi við aðalskipulag og aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir, núverandi ástand og framtíðarsýn og samkomulag hagsmunaaðila um skipan mála á flugvöllum. Skipulagsreglur fyrir Reykjavíkflugvöll, sem hafa það hlutverk að stýra starf-

semi innan flugvallarsvæðisins og setja hæðartakmarkanir á byggingar utan flugvallarsvæðisins, verða endurskoðaðar í samræmi við deiliskipulagið.

Afmörkun deiliskipulagssvæðisins breytist frá fyrra skipulagi við mörk deiliskipulags Háskólans í Reykjavík, deiliskipulags Hlíðarenda og deiliskipulags vegna færslu Hringbrautar. Deiliskipulagssvæðið er einnig minnkað lítillega á svæðum sem verða felld inn í nærliggjandi skipulagsáætlanir eða útbúnar sérstakar skipulagsáætlanir í kjölfar gildistöku deiliskipulagsins.

Norðaustur-suðvestur flugbrautin er lögð niður með gildistöku deiliskipu-

lagsins eins og gert er ráð fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur og samkomulagi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group. Fluggarðar eru víkjandi samkvæmt aðalskipulaginu og því er ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu.

Í deiliskipulaginu eru skilgreindir reitir fyrir byggingar en ekki lóðir með tiltekið nýtingarhlutfall. Það er því á valdi rekstraraðila að staðsetja byggingar innan þessara reita enda um tímabundnar byggingar að ræða. Einungis mannvirki sem tengjast flugi eða rekstri flugvallarins með beinum hætti er heimilt að reisa á svæðinu og allar byggingar sem samþykktar eru á deiliskipulagssvæðinu í kjölfar gildistöku þess eru háðar ákvæðum aðalskipulags um tímamörk flugvallarstarfsemi í Vatnsmýrinni. Eina undantekningin frá þessum skilmálum er stækkun flugstjórnarmiðstöðvarinnar, sem var hluti af fyrri deiliskipulagsbreytingu en sú bygging er varanleg.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030 er afrakstur áralangrar vinnu við framtíðarmótun borgarinnar. Það er leiðarvísir fyrir þróun hennar á komandi árum og setur fram bindandi stefnu um skipulagsákvæðanir innan lögsagnar-umdæmis Reykjavíkur. Markmið þess er að skapa borg þar sem gott er að búa og starfa.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 – 2030 skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru sett fram meginmarkmið og framtíðar-

sýn en hins vegar er fjallað sérstaklega um skipulag tíu borgarhluta Reykjavíkur.

Í bókinni eru mörg hundruð kort og skýringarmyndir sem gefa innsýn í allt frá verndun húsa í miðborginni til skipulags heiða og landbúnaðarsvæða. Kortin eru sérstaklega teiknuð fyrir þessa útgáfu og mótuð í samræmi við nýtt heildarútlit skipulagsins.

Þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrættir fylgja.

Söluaðili og útgefandi

Crymogeia

www.crymogeia.is

Barónsstigur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910

**Umhverfis- og
skipulagssvið
Reykjavíkurborgar**

www.skiptbygg.is
skipulagssja.skiptbygg.is

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólöf Örvardóttir

Ritstjórar:
Björn Ingi Edvardsson
Elinborg Ragnarsdóttir
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Halldóra Hrólfsdóttir

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar



Reykjavíkurborg

Prentun: Prentmet

Forsiðumynd:
Björn Ingvarsson